Bréf sent prestum, djáknum, organistum,
sóknarnefndum og útfararstjórum

Reykjavík 12. janúar 2021

Ágæta samverkafólk.

Eins og kom fram í máli forsætisráðherra og heilbrigðisráðherra í gær eftir fund ríkisstjórnarinnar hefur verið ákveðið að framlengja gildandi sóttvarnarráðstafanir til þriggja vikna. Hér má nálgast reglugerðina.

Á vef stjórnarráðsins segir eftirfarandi;

Heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að framlengja óbreyttar gildandi takmarkanir á samkomum innanlands til og með 2. febrúar næstkomandi. Ákvörðun ráðherra byggist á tillögum sóttvarnalæknis sem telur nauðsynlegt að takmarka áfram sem mest útbreiðslu Covid-19 til að verja heilbrigðiskerfið. Samhliða nýrri reglugerð um samkomutakmarkanir hefur ráðherra til hagræðis sett sérstaka reglugerð um skólastarf, líkt og gert hefur verið á fyrri stigum faraldursins.

Í dag kom fram á upplýsingafundi að þríeykið lýsti alvarlegri stöðu og búið væri að setja LSH á neyðarstig. Í ljósi þess kom fram hjá sóttvarnarlækni að hann myndi jafnvel skila inn öðru minnisblaði fyrir helgi. **Ég tel nauðsynlegt vegna þessarar erfiðu stöðu í faraldrinum og hve margir greinast smitaðir daglega að við höfum sömu reglu og um áramótin og köllum ekki fólk til helgihalds - streymum guðsþjónustum ef mögulegt er**.

Allt safnaðarstarf í þessari viku og næstu helgi ætti einnig að fella niður. Þar sem hægt er að streyma helgihaldinu eða spila upptökur væri það mikil blessun.

Eftir helgi kann að vera komin önnur staða sem við skoðum þá.

Kirkjan okkar hefur frá upphafi svarað takmörkunum á helgihaldi með framúrskrandi framboði á streymi og upptökum af messuhaldi, helgistundum, bænastundum, sunnudagaskólum og svo má lengi telja. Ég hvet ykkur til að halda því góða starfi áfram þar sem ekki er unnt að kalla fólk til kirkjunnar. Ykkar elja og dugnaður við að móta og þróa þjónustu kirkjunnar í stundum næsta ómögulegum og síbreytilegum takmörkunum er vitnisburður um stórkostlega Þjóðkirkju og bjarta framtíð. Kirkjan er fólkið.

Ég hvet ykkur til að hafa samband við starfsfólk biskupsstofu ef ykkur vantar ráðgjöf eða frekari upplýsingar.

Ég ítreka fyrri brýningu til okkar allra að við gætum að hinum persónulegu sóttvörnum og vil í því sambandi nefna eftirfarandi atriði:

- **Sprittbrúsar skulu vera aðgengilegir við inn- og útganga, sem og á salernisaðstöðu.**
- **Við komu til kirkju svo og við brottför úr kirkju skulu kirkjuverðir og annað starfsfólk tryggja eftir fremsta megni að hópamyndanir verði ekki í anddyri eða fyrir utan kirkjuna.**
- **Handabönd eða annars konar líkamleg snerting skal ekki viðhöfð.**
- **Alltaf skal lofta vel út og sótthreinsa alla snertifleti milli athafna.**
- **Allt starfsfólk er hvatt til að fara ekki til vinnu komi upp einkenni veikinda.**

„Því að ég, Drottinn, er Guð þinn, ég held í hægri hönd þína og segi við þig: „Óttast eigi, ég bjarga þér.“ Jes. 41:13

Ég bið þess að starf ykkar fyrir kirkjuna á árinu verði gjöfult og hamingjuríkt og líf ykkar gott og blessað.



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.